

## GJALDSKRÁ

### fyrir söfnun, förgun, móttöku og flokkun sorps í Ísafjarðarbæ.

## 1. gr.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar er heimilt að leggja á sérstakt sorpgjald vegna söfnunar, förgunar, móttöku og flokkunar á sorpi í sveitarfélaginu samkvæmt 8. gr. samþykktar um sorphirðu í Ísafjarðarbæ nr. 1221/2011.

## 2. gr.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur ákveðið að sorpgjald í þéttbýli á hvert heimili verði kr. 39.300 og kr. 26.700 á hvert heimili í dreifbýli Ísafjarðarbæjar. Auk þess hefur bæjarstjórn ákveðið að sumarbústaðir og íbúðarhúsnæði með ákvæði um takmörkun á íveru vegna snjóflóðahættu verði kr. 13.230.

Ofangreind gjöld skulu innheimt samhliða fasteignagjöldum.

## 3. gr.

Móttöku- og urðunargjald rekstraraðila á endurvinnslustöð.

- a) Ekki er tekið neitt gjald fyrir móttöku á flokkuðum úrgangi sem ber úrvinnslugjald, þar má nefna: pappaumbúðir, plastumbúðir, hjólbarðar, heyrulluplast, ýmis spilliefni og úrelt ökutæki.
  - b) Íbúar Ísafjarðarbæjar þurfa ekki að greiða móttökugjald fyrir garðaúrgang.
  - c) Gjöld til endurvinnslustöðvar í Ísafjarðarbæ eru:
- |  |                |
|--|----------------|
| Blandaður/grófur úrgangur, slög/rækjuskel        | 33 kr./kg      |
| Timbur   | 33 kr./kg      |
| Óvirkur úrgangur (t.d. gler, múrbrot, jarðvegur) | 6 kr./kg       |
| Farartæki (losun á olíu, eldsneyti og kælivökva) | 8.000 kr./stk. |
| Farmstærð undir 0,5 m <sup>3</sup>               | 1.000 kr.      |
| Farmstærð allt að 1 m <sup>3</sup>               | 2.000 kr.      |

## 4. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, staðfestist samkvæmt heimild 8. gr. samþykktar um sorphirðu í Ísafjarðarbæ nr. 1221/2011, skv. lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 304/2010.

Samþykkt í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar 12. desember 2013.

*Ísafirði, 20. desember 2013.*

**Daníel Jakobsson** bæjarstjóri.